

## Með ólögum eyðum við réttlæti.

Oft hef ég velt því fyrir mér hvort alþingismenn lesi ekki lagafrumvörpin sem þeir eru að samþykkja. Lesi þeir öll frumvörpin, er áreiðanlega eitthvað alvarlegt að athyglisgáfu þeirra og þekkingu á gerð lagatexta, stjórnarskrá og mannréttindum almennt. Ég hef oft vakið athygli á þessu, og beint athyglinni að mikilvægi þess að þingmenn hefðu **viðtæka þekkingu á helstu áhrifaþáttum samfélags okkar.**

Þingmenn setja okkur hinum t. d. reglur um starfsréttindi. Í lögum **sem þeir setja** um ýmis starfsréttindi, eru gerðar kröfur um þekkingu á flestum hugsanlegum þáttum sem geta komið uppá og yfirleitt þarf fólk að sanna þekkingu sína með stöðluðu prófi, svo það fái hin einföldustu starfsréttindi.

Hver getur þá verið ástæða þess að þingmenn, **sem bjóða sig fram til að stjórna efnahagslífi þjóðarinnar, afkomumöguleikum fyrirtækjanna, ásamt afkomu, velferð og samlyndis fólksins sem lifir í þessu samfélagi,** setji engin lög um hæfni- og þekkingarmörk þingmanna, **einnar mikilvægustu starfsgreinar þjóðfélagsins?** Líta þeir kannski á starf þingmannsins sem ómerkilegra en t. d. að aka lyftara, léttu bifhjóli eða dráttarvél? Launakjör þeirra benda ekki til að þekking þingmanns, á því tjóni sem hann geti valdið öðrum, sé ætluð minni en til framangreindra athafna. Þó þarf sérstakt hæfnispróf til að mega aka lyftara, léttu bifhjóli eða dráttarvél. **EN, engar hæfniskröfur eru gerðar til þingmannsins.** Er þetta eðlilegt???

### Viðbrögð af vanþekkingu?

Engu er líkara en bankahrunið hafi á óþægilega áberandi hátt, opinberað vanhæfni alþingismanna til að takast á við afar mikilvæga þætti í efnahagsstjórnun landsins. Fram hefur komið að bankahrunið kom stjórnvöldum ekki eins mikið á óvart og látið hefur verið í veðri vaka. Upplýst hefur verið að búíð var að vinna uppkast að “neyðarlögum” svonefndu, en í þeim felast með óyggjandi hætti stærstu mistök lýðveldissögunnar.

Á nokkurra ára tímabili, fyrir hrun, stækkuðu bankarnir umtalsvert umfram eiginlegan vöxt efnahags þjóðfélagsins. Öllum mátti vera ljóst að til að ná slíkum vexti urðu bankarnir að ná sér í fjármagn, umfram eðlilega veltu hagkerfis okkar. Hluta stækkunar sinnar náðu bankarnir með blekkingum á verðbréfamarkaði, en að öðru leiti voru þeir að fjármagna sig **með lántökum erlendis frá.** Var eitthvað athugavert við það?

Í þriðju grein laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er talin upp sú starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt starfsleyfi og lögum. Upptalningin er eftirfarandi:

*“Eftirtalin starfsemi er starfsleyfisskyld samkvæmt lögum þessum:*

*1. Móttaka endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi:*

*a. Innlán.*

*b. Skuldaviðurkenningar.*

*2. Veiting útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.*

3. Eignaleiga þegar fyrirtæki hefur slíka starfsemi að meginstarfsemi sinni. Með eignaleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma.

4. Útgáfa og umsýsla greiðslukorta.

5. Útgáfa og umsýsla rafeyris.

6. [Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti:

a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.

b. Framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina.

c. Eignastýring.

d. Fjárfestingarráðgjöf.

e. Sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga ogleða útboð fjármálagerninga.

f. [Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.]1)

g. Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF).]2)

7. Rekstur verðbréfasjóða.

Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja fer skv. IV. kafla.

Eins og þarna sést greinilega er fjármálafyrirtækjum ekki ætlað að fjármagna sig með lántökum. Þeim er einungis heimil útlánastarfsemi **sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi**. En, gætu lántökur þá ef til vill falist í ákvæðum IV kafla laganna, eins og síðasta upptalningin bendir á? Lítum aðeins nánar á hvað segir í þeim kafla *Um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja*. Þar kemur eftirfarandi fram:

Starfsemi viðskiptabanka og sparissjóða getur tekið til eftirfarandi þátta:

1. **Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.**

2. Útlánastarfsemi, m.a.:

a. neytendalána,

b. langtímaveðlána,

c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og

d. viðskiptalána.

3. Fjármögnunarleigu.

4. Greiðslumiðlunar.

5. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla).

6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.

7. Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:

a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),

b. erlendan gjaldeyri,

c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),

d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og

e. verðbréf.

8. [Þátttöku í útboðum verðbréfa, þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum og

*töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.]1)*

*9. Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.*

*10. Peningamiðlunar.*

*11. Stjórnunar og ráðgjafar varðandi samval verðbréfa.*

*12. Vörslu og ávöxtunar verðbréfa.*

*13. Upplýsinga um lánstraust (láns hæfi).*

*14. Útleigu geymsluhólfa.*

Eins og þarna kemur glögglega fram, er fjármálafyrirtækjum einungis heimil **Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi**. Þeim er sem sagt **ekki heimilt að fjármagna sig með lántökum frá öðrum fjármálafyrirtækjum**. Einungis frá Seðlabanka.

Ekki er finnanlegt í gögnum Alþingis að neinn þingmanni hafi gert athugasemdir við að flestar fjármálastofnanir landsins fóru að **brjóta gegn lagafyrirmælum um starfsheimildir**. Ekki var þar um einstök tilfallandi frávik að ræða, heldur **samfellda sniðgöngu lagaheimilda um margra ára skeið**.

Sama gerðist þegar fjármálastofnanir fóru, fyrir opnum tjöldum, að brjóta gegn lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með lánveitingum sem voru verðbættar með gengisviðmiði erlendra gjaldmiðla. Skuldaskjöl báru glöggt vitni um augljósa sniðgöngu við lagafyrirmæli, þrátt fyrir skýr fyrirmæli í 13. og 14. gr. framangreindra laga um að slíkt væri ekki heimilt. En þar segir eftirfarandi um verðtryggingu:

*13. gr. Ákvæði þessa kafla gilda um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofar að greiða peninga og þar sem umsamið eða áskilið er að greiðslurnar skuli verðtryggðar. Með verðtryggingu er í þessum kafla átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Um heimildir til verðtryggingar fer skv. 14. gr. nema lög kveði á um annað.*

*Afleiðusamningar falla ekki undir ákvæði þessa kafla.*

*14. gr. Heimilt er að verðtryggja sparifé og lánsfé skv. 13. gr. sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysliverðs sem Hagstofa Íslands reiknar samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði. [Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár frá fyrsta degi þar næsta mánaðar.]1)*

*Í lánsamningi er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi.*

Fjármálastofnanir reyndu að skjóta sér á bak við það að þær væru að lána erlenda mynt. Ef þingmenn hefðu haft **heilbrigða árvekni gagnvart þessum augljósu lagabrotum**, hefðu þeir átt að átta sig á að enga verðtryggingu þurfti vegna láns í erlendri mynt. Það eina sem til þurfti var að í skuldaskjölum væri fjármagnið tilgreint í þeirri mynt sem sagt var að hefði verið lánuð. Fyrst skuldaskjöl tilgreindu lánsupphæð í íslenskum krónum, var verið að lána íslenskar krónur.

### **Þekkingarskortur þingmanna veldur tjóni**

Ekki var nóg með að þessar ólöglega lánastarfsemi héldist óbreytt fram til hruns,

haustið 2008. Ráðherrar og ýmsir pólitískir framámenn töluðu um þessi lán sem **lögmat skuldaskjöl** og töldu ekkert hægt að gera í sambandi við þessi lán.

Eftir að Hæstiréttur felldi dóm á árinu 2010, þess efnis að **gengistrygging lána væri ólögmat**, lögðust stjórnvöld í viking til að **bjarga lögbrjótunum**, á kostnað þeirra þegna sem þau voru kosin til að vera fulltrúar fyrir. Þannig lýsti efnahags- og viðskiptaráðherra því yfir að tilbúnar væru tvær útfærslur frumvarpa, sem báðar reyndust vera til bjargar lögbrjótunum. En ráðherrann hunsaði á sama tíma tilmæli umbjóðenda sinna um að vinna að hagsbótum þeirra. Og hvernig fór hann svo að því að tryggja rétt lögbrjótanna á kostnað umbjóðenda sinna?

Segja má að eitt fyrsta skrefið í þeirri ógæfuför hafi verið stigið þegar Seðlabanki og Fjármálaeftirlit, héldu sameiginlegan blaðamannafund og gáfu út ákveðin viðmið um hvernig skildi endurreikna þau lán sem Hæstiréttur hafði dæmt að væru með ólögmatri verðtryggingu, **en væru að öðru leiti gild skuldaskjöl**. Endurreikningur lánasamninga var því óþarfur, utan lagaheimilda og gegn hagsmunum umbjóðenda ráðherra og alls Alþingis. Pólitísk forysta stjórnarflokkanna virðist hafa ákveðið að fórna hagsmunum umbjóðenda sinna **til að bjarga verðmætum þeirra lögbrjóta sem í hart nær tvo áratugi höfðu leynt og ljóst brotið alvarlega gegn lögum og heildarhagsmunum þjóðfélagsins**.

Vegna mikillar óánægju í þjóðfélaginu, sá ráðherra einungis þá einu leið að leggja fram lagafrumvarp **sem tryggt gæti lagabryótunum betri lánskjör en verið höfðu á útlánum þeirra í upphafi lánveitingar**. Þessar breytingar setti hann inn í frumvarp að lögum nr. 151/2010, en þau lög voru breyting á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. En víkjum þá að lögum nr. 151/2010, en þar segir í 1. gr.

*“Ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti **teljast ógild** skal peningakrafan bera vexti skv. 1. másl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði þessarar greinar ekki við.”*

Takið vel eftir því sem sagt er þarna. Þarna er áherslan lögð á að **samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar**. Endurgjald fyrir lánveitingu eru fyrst og fremst vextir. Verðbætur eru ekki meint sem endurgjald fyrir lánveitingu, heldur sem útreikningur á raunvirði upphaflegs höfuðstóls lánsins. En lítum þá á hvað stendur í hinum tilvitnaða 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001. Þar segir eftirfarandi:

*“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en **hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin**, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.”*

Eins og þarna kemur glögglega fram, tekur þetta ákvæði einungis til þeirra tilvika þegar tekið er fram að greiða skuli vexti, en engin vaxtaþrósentu tilgreind. Í ákvæðinu hér að framan, úr lögum nr. 151/2010, er einungis fjallað um þau tilvik þegar vaxtaákvörðun lánasamnings telst ógilt. Í slíku tilfalli er ekki um það að ræða að vantað hafi í lánasamning vaxtaþrósentu eða (hundraðshluta). Þess vegna getur ákvæði

þar sem tiltekinn “hundraðshluti” sem vaxtaþrósentu er dæmd ógild, ekki fallið undir ákvæði **sem einungis á við ef hundraðshluta vaxtaþrósentu vantar í samninginn.**

Nú ber á það að líta að Hæstiréttur **hefur ekki dæmt vaxtaþátt skuldaskjals ógildann.** Einungis er um að ræða ógildingu á verðtryggingarþætti skuldaskjalsins, þar sem verðbætur eiga að reiknast út frá gengi erlendra gjaldmiðla. Það vissu lánveitendur árið 2001 að væri ólöglegt en héldu samt áfram hinni ólöglegu lánastarfsemi. **Það er því beinlínis aðför að réttindum skuldara að veita lánveitanda undankomuleið frá afbroti sínu.** Og að sú leið skuli vera á kostnað skuldara lánsins, framkvæmd af Alþingi, vekur áleitnar spurningar um vandvirkni þingmanna við störf sín og hæfileika þeirra til að þekkja grundvallar mannréttindi og **þær lýðræðislegu skyldur sínar að vera heiðarlegur og réttsýnn í störfum sínum.**

Því miður eru lög nr. 151/2010 morandi af óheiðarleika og beinlínis ásetningsbrotum um að koma margföldum lögbrotum undan refsingu fyrir brot sín. Um leið er þessum lögbrotum fengið í hendur vopn til að innheimta hjá fólki umtalsvert hærri fjárhæðir en fólust í upphaflega lánasamningnum. Verður hér á eftir vikið að nokkrum þeirra þátta þar sem þingmenn gera sig seka um afgerandi óvandvirkni í vinnubrögðum og **beinlínis framkvæma refsiverða háttsemi,** sem ríkissjóður verður óhjákvæmilega að greiða fyrir. **En hver er ábyrgð þingmannanna sjálfra???**

#### Vitleysa á vitleysu ofan

Þegar lög nr. 151/2010 eru skoðuð, vekur það umtalsverða furðu að svona ruglingslegt frumvarp skuli hafa náð að lögfestast. Það ætti að vera ámælisvert þegar ráðherra í ríkisstjórn landsins leggur þvílíkan óskapnað fyrir þingið. Enn verra er í raun að ábyrgðarleysi stjórnarþingmanna skuli vera slíkt að svona hringavitleysa verði að lögum. Af þessu dæmi og mörgum fleiri, er ljóst að loka verður fyrir einhverja flýtafgreiðslu mála sem geta haft umtalsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir eða ríkissjóð. **Svona vitleysu verður að uppræta þegar í stað.** En um hvað er ég að tala?

Að framan er vikið að 1. málslíð 1. málsgreinar 1. greinar laga nr. 151/2010. Lítum nú á 2. málslíð 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Þar segir:

*“Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. og því sem greinir nánar í þessari grein.”*

Nokkuð er hér sérstök textasmíð í ljósi þess tilgangs sem þessi lög eru sett. Lögin eru sett til að takast á við **uppgjör ólögmetra lána fjármálafyrirtækja,** þar sem höfuðstóll lána var verðbættur með gengisviðmiði. Þrátt fyrir að öll lánin sem yrðu reiknuð á grundvelli þessara laga (151/2010) væru verðbætt með gengisviðmiði en ekki verðtryggingu, er gengisviðmið ekki nefnt í lögnum, einungis talað um **verðtryggingu.** Ekki er í lögnum sagt að **hið sama eigi við ef samningur er verðbættur með gengisviðmiði.** Verðtrygging, eins og hún er tilgrein í 14. gr. laga nr.

38/2001, er einungis gild sé hún miðuð við vísitölu neysluverðs, eins og Hagstofan reiknar hana. Líklega eru engin þeirra lána sem til endurreiknings hafa verið tekin, með hina eiginlegu verðtryggingu sem lög nr. 151/2010 fjalla um. Það er verðtryggingu eftir vísitölu neysluverðs, sem Hagstofan reiknar út.

Öll þau skuldaskjöl sem ég hef séð, varðandi hin svonefndu “gengistryggðu lán” hafa verið, í verðtryggingarákvæðum, með dagsetningar tiltekinna erlendra gjaldmiðla sem verðbótaviðmið, en ekki einn einast verið með **verðtryggingu** sem verðbótaviðmið.

Í lagatextanum segir eftirfarandi: *“Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum.* Þessu til viðbótar segir varðandi vaxtaútreikning að: *“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin,...”* Þarna er skýrt tekið fram að lögin eigi einungis við ef *hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin.*

Í öllum þeim lánasamningum sem ég hef séð, er hundraðshluti (prósentutala) vaxta og viðmið, tiltekinn með skýrum hætti. í 4. gr. laga nr. 38/2001 er skýrt ákvæði um einungis ef vantar í lánasamning hundraðshluta (prósentutölu) vaxta, skuli vextir verða eins og þar er kveðið á um.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 38/2001 á því ekki við um öll gengistryggðu skuldabréf sem ég hef séð. Vaxtakafli þeirra skuldabréfa var ekki dæmdur ólöglegur í dómi Hæstaréttar. Af þeirri staðreynd leiðir, að endurútreikningur vaxta þessara skuldabréfa er því algjörlega óheimill því lánasamningar eru enn í fullu gildi.

Líklega verður að líta svo á að efnahags- og viðskiptaráðherra hafi verið blekkur til aðgerða, varðandi dóm Hæstaréttar um ógildingu verðbótaákvæðis hinna gengistryggðu lánasamninga. Líkur benda til þess að lögmenn fjármálafyrirtækjanna hafi komið auga á það sem rakið er hér að framan, um að ekki væri hægt að rifta gerðum samningum um vaxtakjör lánanna, þar sem verðbótaþátturinn var sem sér ákvæði í lánasamningnum og ekkert annað en það ákvæði hafði verið dæmt ólöglegt í dómi Hæstaréttar.

Mig undrar hins vegar að efnahags- og viðskiptaráðherra, sem er lögfræðingur að mennt, skuli hafa látið blekkja sig til að setja inn í lagatexta ákvæði sem beinlínis valda ríkissjóði skaðabótaskyldu. Þar er að nauðsynjalausu gerð upptæk, með lagafyrirmælum, lögverndaðir og þinglýstir viðskiptasamningar, sem og að lagafyrirmælum ákvarðaðir aðrir skilmálar að stórum mun óhagstæðari lántakendum. **Ekki verður betur séð en þetta tiltæki brjóti gróflega gegn bæði stjórnarskrá og lögum um neytendavernd.**

EN, hvers vegna er ekki heimilt þar sem Hæstiréttur dæmdi gengistryggingu ólögmetna, að fara að ákvæðum laga nr. 151/2010 um að endurskoða einnig vaxtaþátt lánasamninganna, fyrst Hæstiréttur dæmdi verðbótaþáttinn ólögmetann.

Ástæða sú er einföld og afar skýr. Í 1. gr. laga nr. 151/2010 er gerð breyting á 18. gr. laga nr. 38/2001. Þannig breytt hljóðar fyrsta setning 18. gr. á þennan veg:

*Ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild skal peningakraftan bera vexti skv. 1. málsl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði þessarar greinar ekki við.*

Fyrir liggur að ENGIN vaxtaákvæði eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðan skuldar var dæmt ógilt. í 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 segir að: *“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en **hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin,...**”* Í lánasamningum er **hundraðshluti** vaxta tilgreindur. Samningar um hundraðshluta vaxta var því ekki dæmdur ógildur. Í niðurlagi Héraðsdóms Reykjavíkur í gengistryggingarmálinu sem Hæstréttur staðfesti með dómi 153/2010 segir eftirfarandi: *(Textabreytingar eru eftir höfund þessara skrifa)*

*“**Grundvöllur verðtryggingar samkvæmt samningi aðila, þ.e. ákvæði 4. og 7. gr. samningsins um gengistryggingu, er því í andstöðu við VI. kafla laga 38/2001 og því ógild.** Skiptir þá hvorki máli hvort eftirlitsaðilar, eins og Seðlabanki og Fjármálaeftirlit, hafi vitað af samningunum og ekki gert athugasemdir né lögbundin úrræði eða samkomulag stjórnvalda við fjármála fyrirtæki til léttu greiðslubyrði fólks í svipaðri stöðu og stefndi, eins og stefnandi byggir á. **Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.**”*

Það sem ég velti fyrir mér í framhaldi af því sem hér hefur verið ritað er þetta. Til hvers erum með allan þennan fjölda þingmanna á launum, til að setja samfélaginu leikreglur, ef engin leiðsögn er í störfum þeirra og öllum smávægilegum ágreiningi um einstaka orðalagsþætti í sambærilegum samningum, þarf að vísa til dómstóla til úrskurðar? Ber þá að líta svo á að Alþingi sé dýrasti leikskóli landsins? OG, jafnframt eini leikskólinn sem alltaf er að valda tjóni í samfélaginu.

Skora ber á þingmenn að setja skýrar hæfisreglur um starf þingmanns, sem ekki eru lægra metnar til starfsfærni en hæfni til aksturs á rútum eða stórum flutningabílum og skýrrar þekkingar á því hvað felist í því að reka sjálfbært sjálfstætt samfélag, eins og okkar samfélag er. Ef þingmenn telja sig ekki þurfa skýrum hætti að sanna hæfni sína til starfs við stjórnun þjóðfélagsins, geta þeir vart gert kröfur til að aðrir undirgangist hæfnispróf vegna mun léttvægari starfa.